

Colas Ísland ehf. v/ KVM
Björk Úlfarsdóttir
Gulhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 27.6.2023
UST202301-126/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit þann 9. maí 2023 hjá Colas Ísland ehf., KVM malbikunarstöð í Hafnarfirði

Þann 9. maí sl. fór fram eftirlit í KVM malbikunarstöð Colas Ísland ehf. Gulhelli 1 í Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ábendingar voru gerðar um að endurtaka sýnatöku og mælingar í útblásturslofti og að gera við göt á girðingu sem umlykur stöðina.

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram í eftirlitinu:

1. Frávik frá kröfum í grein 3.7 í starfsleyfi. Olía og svifagnir í frárennsli mældust árið 2022 yfir losunarmörkum.
2. Frávik frá kröfum í grein 4.7 í starfsleyfi. Grænt bókhald vegna ársins 2022 hefur ekki borist stofnuninni.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 18. júlí 2023.

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri